



Mánudaginn 18. mars 2013 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 15.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Grímur Guðmundsson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Umræða um dreifnám.
4. Ráðningarmál
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 15.45 og bauð fundarmenn velkomna. Jóhanna Gunnlaugsdóttir boðaði forföll.

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri kynnti skólastarfið í vetur. Árshátíðin tókst vel, góð aðsókn var á bingó 9. bekkjar. Þáttaka var í Verkefninu Skáld í skólum á vegum Rithöfundasambands Íslands og komu í heimsókn þau Aðalsteinn Ásberg og Gerður Kristní. Sonja Suska sá um Vinnustofu í upplýsingatækni, verkefni um vefi og forrit sem nýtast í kennslu. Farið var yfir breytingar á skóladagatali vegna íþróttadags og skólahreysti. Fræðslunefnd mælir með að öllum nemendum gefist kostur á að fara í skólabúðir einu sinni á grunnskólagöngu sinni. Nemendur 9 og 10 bekkjar fóru í iðnkynningu í fjölbrautarskólann á Sauðárkróki.

3. Umræða um dreifnám.

Formaður fræðslunefndar kynnti undirbúning vegna dreifnámsins, sem fyrirhugað er að hefjist á Blönduósi næsta haust.

4. Ráðningarmál.

Fræðslunefnd samþykkir að auglýsa þurfi í eina stöðu kennara við leik- og grunnskóla Húnavatnshrepps og að ráðið verði í stöðuna frá 25 apríl n.k.

5. Önnur mál.

Rætt var um viðhaldsmál á húsnaði skólans. Jón Gíslason spurði út í starfsemi mötuneytisins.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 17.30

Eline Manon Schrijver (sign)

Jóhanna Jóhannsdóttir (sign)

Jón Gíslason (sign)

Grímur Guðmundsson (sign)

Sveinfríður U Halldórsdóttir (sign)

Þórunn Ragnarsdóttir (sign)

Sigríður Aadnegard (sign)

Birgir Ingbórsson (sign)

Jens P Jensen (sign)